



Fundur í byggðaráði

**4. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 miðvikudaginn 24. apríl 2019.
Fundur var settur kl. 12:00.**

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson og Elías Pétursson sveitarstjóri. Auk þess sat Jónas Egilsson fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti lagði til að nýjum lið nr. 24 yrði bætt við dagskrána, Samningur vegna brothættar byggðar í Bakkafirði og nærsveitum. Samþykkt.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

Fundargerð

1. Fundargerð 4. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 4. fundar skipulags- og umhverfisnefndar

Fundargerðin lögð fram.

Liður 2: Minnisblað vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir kirkjugarð á Þórshöfn.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að koma breytingunni í auglýsingar og kynningarferli.

Samþykkt.

3. Fundargerð 4. fundar velferðar- og fræðslunefndar

Fundargerðin lögð fram.

Liður 3d: Félagsleg heimaþjónusta í Norðurþingi

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra kynna afstöðu sveitarfélagsins fyrir heilbrigðisráðherra, embætti landlæknis og öðrum sem koma að ákvörðun breytinganna. Einnig er sveitarstjóra falið að koma afstöðu sveitarfélagsins á framfæri við verkefnisstjórn brothættra byggða á Bakkafirði.

Samþykkt.

4. Fundargerð 1. fundar verkefnisstjórnar Bakkafjarðar, 15. mars 2019

Fundargerðin lögð fram.



5. Fundargerð samstarfshóps sveitarfélaganna um Finnafjarðarverkefnið, dags. 15. mars 2019

Fundargerðin lögð fram.

6. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um opinber innkaup, dags. 17. apríl 2019

Erindið lagt fram.

7. Erindi frá Útlendingastofnun, dags. 13. mars 2019

Fram er lagt erindi Útlendingastofnunar er varðar forathugun stofnunarinnar á vilja sveitarfélagsins til að gera þjónustusamning vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að svara stofnuninni á þann veg að ekki sé að svo stöddu mögulegt að gera þjónustusamning um félagslega þjónustu og stuðning við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Samþykkt.

8. Yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífsskjarasamninga 2019-2022

Erindið lagt fram.

9. Austfjarðatröllið 2019 – beiðni um styrk

Fram er lagt erindi Félags kraftamanna þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð 140.000 ásamt öðru.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð sér sér ekki fært við að verða við erindinu.

Samþykkt.

10. Markaðstofa Norðurlands, aðalfundarboð og vorráðstefna 7. maí nk.

Fram er lagt aðalfundarboð Markaðsstofu Norðurlands, fundurinn verður haldinn þann 7. maí nk.

11. Greið leið ehf. aðalfundarboð

Fram er lagt aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf, fundurinn verður haldinn þann 30. apríl nk.

12. Bjargnytjar

Minnisblað með athugasemdum við reglur um framkvæmd úthlutunar á eggja-hlunnindum sveitarfélagsins lagt fram.



Málinu vísað til sveitarstjórnar og sveitarstjóra falið að skoða málið betur með mögulega breytingu á næsta ári í huga.

Samþykkt.

13. Karlakórinn Fóstbræður, tölvupóstur dags. 17. apríl 2019

Erindið lagt fram.

14. Upplýsinga- og kynningarmál á vegum sveitarfélagsins

Fram eru lagt óformlegt minnisblað er varðar hugmyndir að úrlausn ýmissa verkefna er snúa að upplýsinga-, kynningar- og atvinnumálum í sveitarfélaginu.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að vinna hugmyndirnar áfram og kynna fyrir atvinnu- og nýsköpunarnefnd.

Samþykkt.

15. Akstursþjónusta, erindi frá hjúkrunarforstjóra Nausts, dags. 14. apríl 2019

Fram er lagður tölvupóstur frá hjúkrunarforstjóra Nausts, dags. 14. apríl 2019.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra valið að skoða leiðir til að koma til móts við þær þarfir sem fjallað er um í erindinu. Einnig er vísar byggðráð erindinu til Velferðar- og fræðslunefndar til umfjöllunar.

Samþykkt.

16. Útboð á snjómokstri

Lagt er fram minnisblað og önnur gögn er varða útboð á snjómokstri á tímabilinu haust 2019 til áramóta 2021.

Bókun um afgreiðslu: Vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Samþykkt.

17. Nýbygging leikskóla, lóðafrágangur

Fram er lögð til kynningar auglýsing þar sem óskað er eftir áhugasömum aðilum til þátttöku í verðkönnun vegna lóðarframkvæmda og yfirborðsfrágangs við nýbyggingu leikskólans á Þórshöfn.

18. Jafnréttisstofa og vinnueftirlit, erindi um einelti, kynbundið ofbeldi o.fl.

Erindi frá Jafnréttisstofu og Vinnueftirliti ríkisins um einelt, kynbundið ofbeldi á vinnustöðum lagt fram.



Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að koma þessum veggspjöldum og öðrum tengdu kynningarefni til deildarstjóra í Langanesbyggð og fela þeim að kynna efni erindisins á sínum vinnustöðum.

Samþykkt.

19. Verkefnisstjóri brothættra byggða

Fram er lög til kynningar auglýsing Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga þar sem óskað er eftir verkefnisstjóra brothættra byggða á Bakkafirði. Verkefnið er unnið í samvinnu Langanesbyggðar, Byggðastofnunar, Eypings og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

20. Starfsmannmál vegna þjónustumiðstöðvar

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað og fór yfir stöðu ráðningarmála í Þjónustumiðstöð.

21. Bifreið fyrir Þjónustumiðstöð

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað með tillögu um kaup á bifreið fyrir Þjónustumiðstöð Langanesbyggðar. Í minnisblaðinu er óskað allt að 2 m.kr. fjárveitingar til handa Þjónustumiðstöð til kaupa á þjónustubifreiðar.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir að vísa málinu til sveitarstjórnar.

Samþykkt.

22. Ársreikningar Langanesbyggðar fyrir árið 2018, drög

Drög að ársreikningi Langanesbyggðar fyrir árið 2018 lögð fram. Fyrri umræða verður á næsta fundi sveitarstjórnar 2. maí nk. og önnur umræða á aukafundi 9. maí nk. Einnig lagði sveitarstjóri fram blað með upplýsingum um dagsetningar og annað það sem að afgreiðslu ársreiknings snýr.

23. Umsögn um drög að reglugerð um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð, mál nr. S-108/2019

Fram eru lögð drög að umsögn vegna tímabundinnar lokunar veiðisvæða við norðanvert langanes. Umsögnin er unnin í framhaldi af bókun atvinnu- og nýsköpunarnefndar þann 10. apríl sl.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð felur sveitarstjóra að senda umsögnina á samráðsgátt stjórnvalda.

Samþykkt.

24. Samningur vegna brothættrar byggðar við Bakkaflóa og nærsveita

LANGANESBYGGÐ



Drög að samningi vegna brothættra byggðar við Bakkaflóa og nærsveita milli Langanesbyggðar, Byggðastofnunar, Eyþings og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, lagður fram.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð heimilar sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:48.